AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Norðurlandasamningur frá 18. febrúar 1987 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir mun öðlast gildi 13. desember 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1987 þar sem samningurinn er birtur. Norðurlandasamningur frá 22. mars 1983 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6 og 14/1983, fellur úr gildi í samræmi við 31. gr. samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. desember 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

10. desember 1987 Nr. 27

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

Viðbótarsamningur frá 18. febrúar 1987 við Norðurlandasamning frá 9. nóvember 1972 um aðstoð í skattamálum mun öðlast gildi 20. desember 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1987 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. desember 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.